

**Ed.**

**513. Frumvarp til laga**

[258. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

**2. gr.**

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu tveir kosnir af Sameinuðu Alþingi, einn skal valinn af þeim vátryggingarfélagum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingarráðherra skipar tvo og skal annar vera formaður. Vararmenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

**3. gr.**

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal gera sérstakt samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal leitast við að tryggja verðgildi fjárins svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir, samkvæmt reglum um endurskoðun reikninga Seðlabankans. Reikningarnir skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

**4. gr.**

Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: Eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

5. gr.

Vátryggingarskyldar eru allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, sem brunatryggðar eru hjá vátryggingarfélagi, er starfsleyfi hefur hér á landi.

Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar.

6. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu vera hinar sömu og brunatryggingarfjárhæðir á hverjum tíma.

7. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 100 000.00. Lágmark þetta má hækka eða lækka með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

8. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera 0.25% af vátryggingarfjárhæðum tryggðra verðmæta. Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2% markinu er náð.

Vátryggingarfélag þau, er brunatryggja eignir þær, sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með upphóði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

9. gr.

Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það vátryggingarfélagi því, er selt hefur honum vátrygginguna, svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki, er niður fallinn allur réttur hans til bóta.

Vátryggingarfélag, er fær slíka tilkynningu, skal innan viku frá því, að tilkynning barst því, tilkynna stjórn Viðlagatryggingar Íslands um tjónsatburðinn. Þegar vátryggingarfélag eða stjórn Viðlagatryggingar Íslands fær tilkynningu eða vitneskju um tjón, sem ætla má að geti fallið undir tryggingu þessa, skal, svo fljótt sem unnt er, gera ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort um sé að ræða bótaskyld tjón af völdum náttúruhamfara, og láta meta skaðann.

10. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskyld, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða málið. Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaranefndar. Hamfaranefnd skal skipuð af ráðherra til 4 ára og eiga sæti í henni þrjú menn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

11. gr.

Hafi bótaskyldur tjónsatburður gerst, skal stjórnin ákveða, hverjar séu nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar tryggðum verðmætum og til að hindra frekara tjón á þeim. Stofnunin skal bera kostnað af slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar skulu, svo sem kostur er, framkvæmdar í samvinnu við Almannavarnir og aðra aðila, sem með slík mál hafa að gera.

12. gr.

Vátryggingarfélag það, er tjónþoli hefur tryggt hjá, skal að jafnaði hafa á hendi tjónsuppgjör. Stjórn stofnunarinnar getur ákveðið, hve stórt tjón vátryggingarfélag megi gera upp. Náist ekki samkomulag um tjónsuppgjör við tjónþola eða tjón nemi hærrí fjárhæð en vátryggingarfélagi er heimilt að gera upp, skal stjórnin hafa á hendi uppgjör í samráði við fulltrúa frá vátryggingarfélagi því, er hlut á að máli.

Verði verulegt tjón hjá mörgum vátryggðum samtímis, sem hafa brunatryggt hjá fleiri en einu vátryggingarfélagi, getur stjórnin ákveðið, að hún skuli hafa allt tjónsuppgjör á hendi í samráði við fulltrúa þeirra vátryggingarfélaga, sem hlut eiga að máli.

13. gr.

Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur:

- a. Þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt var vitað fyrirfram, að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða. Það telst ætíð almennt vitað í þessu sambandi, ef hús á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.
  - b. Þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er, að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.
- Nú er bóta vegna tjóns á húseign synjað eða þær lækkaðar vegna atvika, er um ræðir hér að framan, og gilda þá sömu reglur um lausafé það, sem í þeim er geymt.

14. gr.

Nú vill tjónþoli eigi sætta sig við tjónsuppgjör og er honum þá heimilt að skjóta málinu til uppgjörarnefndar, en gera skal hann það innan fjögurra vikna frá því, að honum barst endanleg ákvörðun stofnunarinnar.

Uppgjörarnefnd skal skipuð af tryggingamálaráðherra til 4 ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú menn. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður, annar eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

15. gr.

Vátryggingarbætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er.

Allar kröfur á hendur stofnuninni fýrnast á tveimur árum frá því að náttúruhamförum þeim lauk, sem orsökuðu tjónið.

16. gr.

Nú eru tryggðar eignir veðsettar og nær þá veðrétturinn til tryggingarbóta.

17. gr.

Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5% af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærrí fjárhæð, skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.

**18. gr.**

Ríkissjóður endurtryggir án iðgjalds þann hluta einstaks tjóns, sem er umframt 2% af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs.

Heimilt er stofnuninni að endurbyggja frekar eigin áhættu sína innanlands eða erlendis.

Nú verða bótaskyld tjón það mikil á einu ári, að eignir og endurtryggingar nægja ekki til að greiða þau, sbr. 1. mgr. 17. gr. og er stjórninni þá heimilt að taka lán til að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður skal taka sjálfsskuldarábyrgð á slíkum lánum.

**19. gr.**

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara.

**20. gr.**

Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

**21. gr.**

Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

**22. gr.**

Stjórnin skal semja við vátryggingarfélag þau, sem taka að sér störf fyrir stofnunina, um endurgjald fyrir þau. Náist ekki samkomulag um endurgjaldið skal tryggingamálaráðherra skera úr deilu.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

**23. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1975.

**Greinargerð með frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu.**

Með bréfi dags. 30. desember 1974 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Ásgeir Ólafsson, forstjóra,  
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómara og  
Bjarna Þórðarson, tryggingafræðing

í nefnd, er fékk það hlutverk

„að gera tillögur um fyrirkomulag skyldutrygginga, er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla, flóða og ofviðra og semja frumvarp til laga um slíkar tryggingar.“

Nefndin kynnti sér gögn um fyrirkomulag slíkra trygginga í ýmsum löndum, sem líkt er ástætt um og hérlendis hvað náttúruhamfarir snertir, s. s. í Japan, Nýja Sjálandi, Sviss, Austurríki, Noregi og víðar.

Tryggingar þær, sem starfræktar eru í þessum löndum, eru um margt ólíkar, en segja má að eftirtalin fjögur atriði séu lík hjá þeim flestum.

1. Skytt er að kaupa tryggingu gegn náttúruhamförum sem viðauka við bruna-tryggingu húseigna og lausafjár.
2. Vátryggingarfélagin innheimta iðgjöldin.
3. Ríkið er endurtryggjandi, þegar um meiri háttar tjón er að ræða.
4. Fremur há eigin áhætta hinna tryggðu.

Við samning þessa frumvarps hefur nefndin haft þessi meginatriði í huga.

Um þörfina fyrir náttúruhamfaratryggingu hér á landi þarf vart að fjölyrða nú. Nýfengin og dýrkeypt reynsla af eignatjóni í eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973 og í snjóflóðunum í Neskaupstað á sl. ári er enn í fersku minni.

Þegar skyggst er til baka, kemur í ljós, að sagan geymir upplýsingar um, að af og til hefur þjóðin orðið fyrir geysilegu tjóni af völdum náttúruhamfara ýmiss konar — einkum þó eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða og skriðufalla.

Árið 1784 lögðu t. d. jarðskjálftarnir 14. og 16. ágúst um 400 bæi í rúst í Árnes-og Rangárvallasýslu og í jarðskjálftanum 1896 varð einnig meira og minna tjón á 971 býli í sömu sýslum. Árið 1934 varð mikið tjón á Dalvík og víðar. Skriðuföll og snjóflóð hafa líka valdið miklu eignatjóni og það sem verra er, þau hafa tekið mikinn toll af mannlífum, einkum snjóflóðin. Vitað er að milli 5 og 6 hundruð manns hafa farist í snjóflóðum hér á landi. Flestir hafa farist, er snjóflóð féll á hús og má því gera sér í hugarlund þau miklu verðmæti, sem eyðilagst hafa. Þá er og vitað að mikil verðmæti hafa eyðilagst í snjóflóðum og skriðuföllum, þótt ekki yrði manntjón.

Löggjafinn hefur ótvírætt sýnt og raunar þjóðin öll, að fullur vilji er fyrir hendi að bæta slík tjón.

Í landinu eru nú starfandi tveir sjóðir, sem hafa það hlutverk að veita aðstoð vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Viðlagasjóður, sem starfar samkv. lögum nr. 4 frá 27. mars 1973 og nr. 5, 28. febrúar 1975 og hefur það hlutverk m. a. að bæta tjón af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað. Þegar þessum verkefnum er lokið, sem áætlað er að verði í árslok 1976, er gert ráð fyrir að starfsemi hans verði lögð niður, en eignir og skuldir, eins og þær þá verða, renni til Viðlagatryggingarinnar, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Hinn sjóðurinn er Bjargráðasjóður, sem starfar nú samkvæmt lögum nr. 51, 26. maí 1972. Bjargráðasjóði er skipt í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Fjárhagsaðstoð beggja þessara deilda er ýmist fólgin í styrkveitingum eða veitingu vaxtalausra lána. Frumvarp það, er hér liggur fyrir um Viðlagatryggingu, gerir ráð fyrir því að eingöngu verði um eignartryggingu að ræða, er bæti tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara. Starfsemi Viðlagatryggingar gripur því eigi inn á svið þessara sjóða. Þó er ljóst, að tryggingin mun léttu mjög á almennri deild Bjargráðasjóðs, þar eð Bjargráðasjóður mun yfirleitt ekki veita lán eða styrki, þegar vátrygging er fyrir hendi.

Tilgangur með því að koma á fót Viðlagatryggingu þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er sá að vera fyrirfram viðbúinn með fjármagn og reglur, hvernig bæta skuli, ef menn verða fyrir eignatjóni af völdum náttúruhamfara, og um leið að tryggt sé, að allir sitji við sama borð í þessu efni. Tjónið, sem einstaklingur bíður af völdum náttúruhamfara, er jafn tilfinnanlegt fyrir hann, hvort heldur hann verður einn fyrir því eða fleiri samtímis.

Nefndin lítur svo á, að Viðlagatrygging Íslands eins og stofnunin er nefnd í frumvarpinu, þurfi ekki að ráða fast starfsfólk. Heldur er gert ráð fyrir því, að stjórn hennar semji við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun sjóða stofnunarinnar og hann annist bókhald hennar. Leggja verður áherslu á, að sjóðirnir séu eins vel verðtryggðir á hverjum tíma og kostur er. Óheimilt er að verja þeim til almennra útlána.

Lagt er til, að innheimt verði tiltölulega vægt iðgjald af hinum tryggðu verðmætum eða 0.25%. Er áætlað, að ársiðgjöld nemi m. v. núverandi verðlag um kr. 150 miljónum. Þá er reiknað með, að heildarverðmæti hins tryggða séu 600 miljarðar.

Gert er ráð fyrir því, að hámarksbætur, sem stofnunin bæti í einu og sama tjóni, verði 5% af váttryggingarverðmætinu eða sem næst 3 miljarðar miðað við þær tölur, er að ofan getur.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er skýrgreint hlutverk stofnunarinnar, nafn hennar, heimili og varnarþing.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um val stjórnarmanna.

Um 3. gr.

Skv. þessari grein skal stjórn stofnunarinnar gera samkomulag við Seðlabanka Íslands um ávöxtun og vörslu fjár stofnunarinnar og skal leitast við að tryggja sem best verðgildi fjárens. Ætti þetta að hafa í för með sér nokkurn sparnað.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um til hvaða náttúruhamfara tryggingin skuli taka.

Nefndin hefur ekki talið rétt, að tryggingin taki til tjóna af völdum ofviðra. Væru slík tjón bótaskyld, mundi það fjölga mjög bótaskyldum atburðum og auka umsvif stofnunarinnar, auk þess sem afar erfitt er að skilgreina hugtakið ofviðri. Auk þess má benda á, að foktryggingar eru orðnar allalgengar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er skýrgreint, hvaða verðmæti eru váttryggingarskyld. Gert er ráð fyrir, að öll verðmæti, sem brunatryggð eru sem slík, séu váttryggð skv. lögum þessum.

Um 6. gr.

Darfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um eigin áhættu sérhvers váttryggðs og gert ráð fyrir að hún verði 5% af hverju tjóni og þó eigi lægri en kr. 100 000.00. Nefndin telur eðlilegt að eigin áhætta sé nokkur til þess að koma í veg fyrir afskipti af óverulegum tjónum, sem ætla verður að tjónþoli geti borið sjálfur.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um iðgjöld þau, er greiða skal af hinum tryggðu verðmætum. Er gert ráð fyrir, að þau nemi 0.25% af váttryggingarfjárhæðum. Áætlað er, að heildarváttryggingarfjárhæð nemi nú um 600 milljörðum króna og mundu árleg iðgjöld þá nema um 150 milljónum króna. Verði hrein eign stofnunarinnar meiri en 2% af heildarváttryggingarfjárhæð eða 1.2 miljarðar, miðað við fjárhæðir í dag, lækka iðgjöld um helming og fari eignin yfir 3%, eða 1.8 miljarða, fellur iðgjaldsinnheimta niður. Fari eignin niður fyrir 2% markið, skal hefja fulla iðgjaldsinnheimtu að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1% af váttryggingarfjárhæðum eða sem svarar 0.6 milljörðum, er gert ráð fyrir heimild til handa stjórn stofnunarinnar um að innheimta iðgjöld með 100% álagi, þar til 2% markinu hefur verið náð.

Skoðanir nefndarmanna voru allskiptar um framangreind atriði. Annars vegar voru uppi sjónarmið um verulega minni sjóðsmyndun og hærri viðbótariðgjöld og hins vegar um meiri sjóðsmyndun og lægri viðbótariðgjöld.

Þá er í greininni gert ráð fyrir, að þau váttryggingarfélög, sem brunatryggja eignir þær, sem falla undir trygginguna, skulu innheimta iðgjöldin. Nefndin telur

það heppilegustu tilhögunina, þar eð þá þarf ekki að koma á fót sérstöku innheimtu-kerfi, sem yrði til muna dýrara í framkvæmd.

Iðgjöld af tryggingum húseigna skulu njóta lögveðréttar, eins og iðgjöld lögboðinna brunatrygginga húseigna — og fara skal um innheimtu þeirra með uppboði eða lögtaki á sama hátt.

Um 9. gr.

Mjög brýnt er, að þeir, sem fyrir bótaskyldu tjóni verða, tilkynni um það hið fyrsta, svo unnt sé að ganga úr skugga um bótaskyldu og bótafjárhæð. Skv. þessari grein er gert ráð fyrir, að réttur til bóta falli niður, ef tilkynning berst ekki innan 30 daga frá því að tjónsatburðurinn varð.

Skal tilkynna vátryggingarfélagi því, er innheimtir iðgjöldin og það skal aftur tilkynna stjórn stofnunarinnar innan viku.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um meðferð ágreinings um bótaskyldu stofnunarinnar. Sætti tjónþoli sig ekki við úrskurð stjórnar stofnunarinnar, getur hann skotið ágreiningnum til hamfaraneftdar, en gert er ráð fyrir, að í henni eigi sæti þrír menn og þar af a. m. k. tveir sérfróðir á sviði raunvísinda.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Að jafnaði skal vátryggingarfélag tjónþola hafa á hendi tjónsuppgjör. Hins vegar er gert ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar hafi umsjón eða stjórn á uppgjöri, ef um meiri háttar tjón er að ræða.

Um 13. gr.

Í greininni er að finna heimildarákvæði um lækkun eða niðurfellingu bóta, þegar hús eru á hættuvæðum með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða eða þegar vikið er verulega frá viðurkenndum byggingarstöðlum.

Hér er um heimildarákvæði að ræða, sem rétt er að kveða nánar á um í reglugerð.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir skipun sérstakrar uppgjörsnefndar, sem tjónþolar geta skotið til ágreiningi um tjónsuppgjör. Ljóst er, að þessi háttur mun mjög hraða afgreiðslu ágreiningsmála í þessu efni.

Um 15. gr.

Fyrirningarfrestur er hér skemmri en almennt er í vátryggingarsamningum, en engu að síður verður hann að teljast alveg nægilegur fyrir tjónþola, þegar gætt er eðlis tryggingar þessarar.

Um 16. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í þessari grein er ákveðið hámark bótaskyldu Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Skoðanir kunna að vera skiptar um þetta efni, en nefndin telur sér ekki unnt að mæla með hærra hámarki en 5% af heildarvátryggingarfjárhæð, en það svarar nú til 3 miljarða króna. Fari tjóngreiðslur vegna eins atburðar fram úr þessu marki skerðast tjónbætur til hvers einstaks í sama hlutfalli.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að rikissjóður endurtryggi þann hluta einstakra tjóna, sem eru umfram 2% eða sem svarar um 1.2 miljörðum, miðað við fjárhæðir í dag.

Í greininni er jafnframt að finna heimild til handa stjórn stofnunarinnar um að endurbyggja eigin áhættu hennar og til að taka lán til fullnægingar skuldbindingum sínum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að Viðlagasjóður verði lagður niður þegar hann hefur lokið meginverkefnum sínum, sem honum hafa verið falin með lögum. Er ófært, að tvær stofnanir hafi á hendi lausn sömu verkefna. Virðist því eðlilegt, að Viðlagatrygging Íslands yfirtaki eignir og skuldir Viðlagasjóðs.